

Ársskýrsla 2016



Vetrarstarf

Í byrjun janúar óskaði Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Prófessorsembætti Jón Sigurðssonar við Háskóla Íslands eftir velvilja Ísafjarðarbæjar til að hýsa sérstaka vefsíðu á heimasíðu sinni undir verkefnið „Sagnabrunnur“. Hugmyndin með slíkri vefsíðu er að fólk sem hefur í förum sínum sögur, sagnir og aðrar lýsingar af lífi fólks og atburðum á norðanverðum Vestfjörðum gegnum tíðina í formi dagbóka, bréfa, skjala og öðru slíku, geti sent það inn í Sagnabrunninn, sem verði opinn öllum til aflestrar og eigin nota, jafnt einstaklingum sem stofnunum (t.d. skólum og námsbrautum (leiðsögumannanám) og fyrirtækjum (t.d. í ferðaþjónustufyrirtæki).

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri hefur boðist til að halda utan um verkefnið, og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar að greiða fyrir uppsetningu vefsins. Í febrúar 2017 var sótt um styrk til Nýsköpunarsjóðs Námsmanna um að fá námsmann til að vinna hugmyndavinnu í samstarfi við leiðbeinendur um hvaða efni eigi heima í Sagnabrunninum, kortleggja efni sem þegar er til staðar og athuga hvernig best sé að flokka það. Vonast er eftir svari frá sjóðnum í lok mars.

Í samstarfi við fyrirtækið Snerpa var unnið að uppsetningu málstofunnar „Fornleifar á Vestfjörðum“ á heimasíðu Hrafnseyrar, sem haldin var 8. ágúst 2015.

(sjá: http://hrafnseyri.is/rannsoknir/Fornleifarannsoknir_a_Vestfjordum/)

Undirbúningur að „Vinnubúðum“ sumarháskólans á Hrafnseyri undir nafninu „Affect og rannsóknir“ sem haldnar voru í tilefni 10 ára afmæli skólans þann 24. – 26. júní, hófust einnig strax eftir áramótin með bréfaskriftum til innlendra og erlendra aðila, og hélst sú vinna nær óslitið fram að opnun safnsins í júní.

Nýtt viðvörunarkerfi frá Boðtækni sannaði ágæti sitt í byrjun febrúar, er það lét vita um „bilun“ á Hrafnseyri. Dálítið spennufall varð, sem kerfið varð vart við og sendi sjálfkrafa boð um til staðarhaldara, á meðan engin boð bárust frá Securitas.

Að öðru leiti fólst vinna staðarhaldara fram að páskum einkum í ýmskonar bréfaskriftum við fólk innan lands sem utan vegna komandi námskeiðshalds, afgreiðslu reikninga, vinnu við ársskýrslu og undirbúning sumarstarfseminnar, auk þess sem önnur tilraun var gerð til að sækja í samstarfi við RORUM ehf. um styrkt til rannsóknarverkefnis um aukna nýtingu náttúruafurða á Norðvesturhluta landsins (sem að endingu var ekki samþykkt). Vert er að geta þess að allir reikningar eru fyrst sendir til staðarhaldara, sem hann ljósritar og geymir. Frumrit reikninga samþykkir hann svo áður en þeir eru sendir til ráðuneytisins til greiðslu. Skil á reikningum eru því tvisvar til þrisvar í viku allt árið um kring.

Annað sem vert er að nefna en almennt hefur ekki komið fram í skýrslum staðarhaldara hingað til er að sá tími sem ekki fer í ofanefnd störf er notaður til að lesa og sankað sér greinum, bókum og efni sem varðar faglega starfsemi Hrafnseyrar, í því augnamiði að fylgjast með því helsta sem gerist á því sviði, bæði innanlands og utan. Gott dæmi um árangur þessa rannsóknarstarfs eru hin mörgu námskeið og ráðstefnur Sumarháskólans sem haldin hafa verið gegnum árin á Hrafnseyri og í nálægðum byggðum, þar sem ákveðin þemu eru tekin fyrir, eins og til dæmis „Þjóðernisstefna“, „Alþjóðavæðing“ (Globalization), „menningartengd ferðamennska“ (Cultural tourism), og nú síðast „Hrif“ (Affect) sem rannsóknarviðhorf.

Eftir páska kom þriggja manna hópur kennara frá GRM landbúnaðarskólanum í Novo Mesto í Slóveníu í heimsókn til Vestfjarða á vegum Háskólasets Vestfjarða, en árið áður kom hingað annar hópur frá sama skóla. Háskólasetrið hafði ekki tök á að sinna hópnum og varð það úr að Hrafnseyri tók að sér að sjá um heimsókn hópsins þann 10.-16. apríl, á meðan dvöl þeirra stóð hér á landi. Í staðinn bauð GRM landbúnaðarskólinn svo staðarhaldara í heimsókn til Slóveníu 23.-28. apríl, þar sem hann heimsótti söfn af svipuðum toga og Safn Jóns Sigurðssonar. Seinna um sumarið hélt svo staðarhaldari fyrirlestur (á ensku) um Jón Sigurðsson og Hrafnseyri fyrir nemendur í GRM landbúnaðarskólanum í Novo Mesto, Slóveníu í gegnum Skype-tengingu.

Kveikjan að ferð staðarhaldara til Slóveníu og aðalástæða þess að ákveðið var að taka boði Háskólasetsins um að skipuleggja ferð slóvenska hópsins hér á landi var annars vegar að hitta persónulega fólk í þessum tveim löndum – Slóveníu og Króatíu – sem starfar við að kynna og varðveita sögur, sagnir og hluti um þjóðhetjur sínar, og hins vegar, að athuga möguleika á að stofna alþjóðlegt tengslanet safna- og sýningarfólks sem starfa á þessu sviði, með það fyrir augum að byggja brú milli menningar- og trúarhópa innan hvers lands, milli landa í Evrópu og milli Evrópusambandsins og annarra landa utan þess. Það má ætla að fólki sem vinnur að varðveislu og kynningu á þjóðhetjum landa sinna beri einnig skylda til að byggja brýr yfir til þeirra sem hafa aðrar þjóðhetjur að sameiningartækni. Sjaldan hefur verið meiri þörf fyrir slíka brúarsmíð á seinni árum en einmitt nú, og útlit er fyrir að það verði mikilvægara í nánustu framtíð með aukinni alþjóðavæðingu á öllum sviðum samfélagsins.

Eftirfarandi söfn og sögustaðir voru heimsótt: Sögusafn Króatíu í Zagreb (The Croatian History Museum) og rætt var við sýningarstjórnann Ela Jurdana sem gert hafði sýningu fyrir nokkrum árum um stjórnámálamanninn og frelsishetju Króata, **Stjepan Radić** (1871 – 1928). Einnig var fæðingarheimili Josip Broz Títos (1892 – 1980) fyrrum forseta Júgóslavíu heimsótt, sem nú er safn í norðvestur hluta Króatíu, rétt við landamæri Slóveníu.

Þegar Slóvenía varð sjálfstætt ríki árið 1991 (með rétt rúmlega 2 milljónir íbúa), eftir að hafa verið hluti af öðrum ríkjum og samböndum gegnum aldir, virðist sem ákveðið hafi verið að skáld og aðrir menningarfrömuðir landsins yrðu helstu sameiningartákn þjóðarinnar í stað þjóðernissinnaðra stjórnámálamanna, eins og víða annars staðar í álfunni. Vegna þessa einskorðaðist ferð staðarhaldara til landsins að miklu leiti við heimsóknir á fæðingarstaði skálda og menningarfrömuða landsins, eins og til dæmis **France Prešeren** (1800–1849), sem er eitt af höfuðskáldum Slóvena, ásamt heimili góðvinar hans og kennara **Matija Čop** (1797–1835), en báðir eru þeir fæddir í Kraníóluhéraði í Slóvaníu. Einnig voru fæðingarstaðir skáldanna **Ivan Cankar** (1876–1918), **Fran Saleški Finžgar** (1871–1962) og **Janez Jalen** (1891–1966) heimsóttir, en allir eru þeir starfræktir í dag sem minningar- og minjasöfn.

Að síðustu má nefna góðan fund með yfirmanni nokkurra þessara safna, Matjaž Koman, þar sem hugmyndinni að samstarfi um stofnun ofanefnds tengslanets var mjög vel tekið. Það mun svo koma í ljós hvort af þessu geti orðið, en ætlunin er að sækja um styrk á næsta ári til Evrópusambandsins til stofnunar tengslanetsins.

Fært var til Hrafnseyrar í byrjun apríl, því ekki reyndist vera eins mikill snjór á fjallvegum eftir veturinn eins og undanfarin ár. Fyrsta ferð staðarhaldara á Hrafnseyri var 6. apríl, og kom þá í ljós að þakgluggi á kapelluloftinu var brotinn. Einnig höfðu yfir 40 girðingarstaurar kubbast í sundur um veturinn þannig að nær öll girðingin að austanverðu lá niðri. Þessi mikli fjöldi brotinna girðingastaura kallaði á utanaðkomandi aðstoð við uppsetningu nets og nýrra staura.

Vorið reyndist mjög gott og í byrjun maí kom listamaður Hrafnseyrar í ár, Hildur Hákonardóttir, til Hrafnseyrar til að athuga aðstæður í burstabænum, en opnun sýningar hennar á staðnum var 17. júní, eins og fram kemur hér á eftir.

Með Hildi kom einnig Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, sem einnig setti upp í burstabænum sýningu hluta sem hún og fleiri hafa fundið við fornleifauppgröft undanfarin sumur á Hrafnseyri og nágrannabænum Auðkúlu. Sýning Margrétar var sömuleiðis opnuð 17. júní.

Um miðjan maí hófst undirbúningur að flutningi staðarhaldara og konu hans Ólafar Oddsdóttur sem sá um kaffiveitingar í burstabænum í sumar eins og árið á undan. Einnig var haldinn fundur með sendiherra Indlands um möguleika á samstarfi við söfn í Indlandi, en Jón Sigurðsson og Gandhi eru tveir fárra þjóðhetja í sögunni sem börðust vopnlausri baráttu fyrir sjálfstæði þjóða sinna.

Allur texti sýningarinnar um Jón Sigurðsson var þýddur á þýsku og boðinn þýskumælandi gestum til aflestrar við komuna í safnið. Textinn var að þessu sinni afhentur gestum í heftuðum blöðum en nauðsynlegt er að fá hann gefin út í vönduðu formi sem sómir staðnum. Einnig er nauðsynlegt að fá textann þýddan á frönsku.

Ráðuneytið ákvað að leigja bílaleigubíl fyrir starfsemina á Hrafnseyri tímabilið 20. maí– 20. september, í stað þess að staðarhaldari notaði sinn eigin bíl þennan tíma. Þetta reyndist vera

hin besta ákvörðun, því ekki reyndist aðeins mjög gott að hafa tvo bíla á staðnum, ef eitthvað kæmi upp á og annar bílanna væri í notkun annarsstaðar (t.d. við matarinnkaup á Ísafirði), heldur sparaði þetta viðgerðarkostnað sem kann að vera umtalsverður þegar keyrt er nær eingöngu á fjallvegum hér á Vestfjörðum.

Helstu verklegu framkvæmdirnar á staðnum á þessu ári (fyrir utan áðurnefnda girðingarvinnu) voru að tréþallurinn við burstabæinn var málaður og salerni í kjallaraíbúð var endurnýjað.

Fyrstir gesta sem heimsóttu Safn Jóns Sigurðssonar árið 2016 voru nemendur úr Grunnskóla Ísafjarðar.

Sumarstarfsemin á Hrafnseyri

Nokkur vandræði urðu við opnun Safns Jóns Sigurðssonar miðvikudaginn 1. júní vegna sambandsleysis við tölvur og posa. Sérstaklega var þetta bagalegt varðandi posann, en fyrir misskilning var hann ekki tengdur ljósleiðara staðarins, þegar verið var að tengja hann innanhúss árið áður. Það er því aðkallandi að posinn verði tengdur ljósleiðaranum fyrir næsta sumar.

Sumarvinnan hefst ávallt á að slá og snyrta staðinn fyrir hátíðarhöldin á Þjóðhátíðardaginn 17. júní. Einar Garðar Hjaltason var ráðinn tímabundið í tvo mánuði sem safnvörður við Safn Jóns Sigurðssonar, en nauðsynlegt er að tveir starfsmenn séu til staðar á staðnum og geti skiptist á ef eitthvað kemur upp á. Staðarhaldari stendur svo einn vaktina allar helgar sumarsins á meðan safnið er opið.

Í júlí mánuði eykst gestagangur venjulega á Hrafnseyri og nær hámarki síðustu tvær vikurnar í mánuðinum fram að verslunarmannahelgi, en fer svo aftur dalandi fram að lokun safnsins í byrjun september. Júlímánuður er sá mánuður, sem Íslendingar ferðast mest um landið og þess vegna koma flestir landsmenn til Hrafnseyrar á þessum tíma. En þótt gestum hafi fjölgað nokkuð á staðnum í júlímánuði (653 gestir), var það ekki eins mikið eins og oft áður.

Nokkrir þjónustuaðilar ferðamanna á svæðinu, sem önnuðust skipulagðar ferðir með farþega á Dynjanda af skemmtiferðarskipum í Ísafjarðarhöfn, komu ekki við á Hrafnseyri í ferðum sínum og vegna þessa komu ekki eins margir erlendir ferðamenn af þessum skipum á Hrafnseyri árið 2016 eins og árið á undan. Þar við bættist að margir landsmenn fóru oftar en einu sinni á Evrópumeistaramótið í knattspyrnu sem haldið var í Frakklandi, þar sem landslið Ísland lék í fyrsta skipti í sögu landsins, og voru ferðalög Íslendinga um Vestfirði því minni en 2015, skv. mælingum Ferðamálaráðs. Þrátt fyrir þetta var fjöldi gesta árið 2016 svipaður og verið hafði árið 2014, eða 1.334 manns. Um 3.500 manns greiddu fyrir kaffi á staðnum yfir þennan tíma, og sennilega hafa komið um það bil 1.000 manns á staðinn án þess að kaup sér kaffi eða fara á safnið, þannig að heildarfjöldi gesta hefur því verið um **5.834 manns**.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní



Hátíðarhöldin 17. júní hófust með messu í Hrafnseyrar kapelli þar sem sr. *Ásta Ingibjörg Pétursdóttir* sóknarprestur í Hólsprestakalli, Bolungarvík, messaði og kirkjukór Þingeyrarprestakalls sá um sönginn undir stjórn organistans Tuuli Rähni. Eftir messu héldu hátíðarhöldin áfram á palli utandyra við burstabæinn með tilheyrandi kaffiveitingum.

Þar hófust hátíðarhöldin með

hátíðarræðu sem *Sigurður*

Besson, 2. varaforseti ASÍ, flutti í tilefni 100 ára afmælis Alþýðusambands Íslands. *HennaRikka Numi* var útnefnd bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar 2016, en hún er starfandi dansari og danskennari á Ísafirði. Dagskránni lauk svo með útskriftarhátíð Háskólaseturs Vestfjarða að viðstöddum dr. Eyjólf Guðmundssyni háskólarektor Háskólans á Akureyri, eins og undan farin ár. Kynnir hátíðardagskrárinnar var Guðmundur Hálfðanarson, sem gegnir embætti prófessors Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands.

Myndlistamaður sumarsins var *Hildur Hákonardóttir* og sýning hennar hét: „*Hallkatla segir sögu sína*“. Einnig var opnuð í burstabænum sýning fornleifa sem fundist hafa á Hrafnseyri frá landnámsöld. Stjórnandi uppgraftrar og sýningar, var *Margréti Hrönn Hallmundsdóttur* fornleifafræðingur. Báðar sýningarnar voru opnar allt sumarið.

Hestamannafélagið Stormur á Þingeyri var með hesta á staðnum og leiddi undir börnum sem vildu fara á hestbak. Loks ber að geta þess að Háskólasetur Vestfjarða bauð upp á ókeypis rútuferðir til Hrafnseyrar fyrir gesti frá Ísafirði í tilefni hátíðarhaldanna.

Seinna um daginn, eftir að hátíðargestir voru farnir af staðnum, fór svo fram ein hjónavígsla í Hrafnseyrarkirkju.

Sumarháskólinn



Í tilefni þess að 10 ár voru liðin frá fyrsta sumarnámskeiðinu sem haldið var á Hrafnseyri árið 2006, var ákveðið að halda sérstaklega upp á afmælið með vinnustofu um þema sem kallast „Affect“ og sumir hafa þýtt sem „Hríf“ á íslensku. Um er að ræða ákveðið rannsóknarviðhorf sem breiðst hefur út innan hinna ýmsu fræðigreina, eins og t.d.

félags- og mannfræði, safnafræði, sálfræði, auk ýmissa húmanískra fræði- og listgreina, kynjafræði og heimspeki. Þar að auki hefur þetta viðhorf einnig náð útbreiðslu innan fræða eins og taugafræði og tölvunarfræði. Boðað var til fundar með nokkrum kennurum í listfræði, þjóðfræði og öðrum greinum, þar sem fram kom að kennsla um „Hríf“ (affect) hefði nýlega hafist í nokkrum greinum í Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Eftir að kennarar í þessum greinum kynntu námskeiðið fyrir nemendum um veturinn sóttu 14 nemendur um að taka þátt í námskeiðinu, en vegna veikinda, vinnu og fleiri atriða, minnkaði sá fjöldi niður í 9 nemendur. Var þetta í fyrsta skipti sem svo stór hópur nemenda frá höfuðborgarsvæðinu hefur stundað nám á Hrafnseyri þau tíu ár sem Sumarháskólinn hefur starfað.



Námskeiðið „Affect“ og rannsóknir“ var svo haldið á Hrafnseyri 24.–26. júní. Aðalkennari námskeiðsins var prófessor Gregory Seigworth, frá Millersville háskólanum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, en hann er einn tveggja ritstjóra bókarinnar „The Affect Reader“ (2010). Einnig tók Dr. Hlynur Helgason kennari við Háskóla Íslands

þátt í kennslunni. Þar að auki tóku eftirfarandi kennarar þátt í gegnum skype: Prófessor Ben Anderson (Menningarlandafræði), sem starfar í Durham Háskóla í Bretlandi, Donovan Schaefer, Oxford Háskóla og Jennifer Fisher, York háskóla í Toronto, Kanada. Sú síðastnefnda mun halda námskeiðið „Hríf (affect) og sýningar“ („Affect and Exhibitions“) haustið 2017 á Hrafnseyri.

Nemendur voru 9 talsins, eins og áður sagði, og komu frá listfræði, mannfræði og þjóðfræði við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Einn nemendanna ákvað að koma aftur til Hrafnseyrar í júlí, og dvaldi þar um það bil tvær vikur við lestur og skriftir og lét hún mjög vel af dvölinni. Vefsíða um „Affect“ var stofnuð fyrir þátttakendurnar í námskeiðinu og um haustið hittumst við nokkur úr hópnum í Reykjavík, þegar staðarhaldari var þar á ferð.

Heimsókn nemenda í Snorraverkefninu



Þann 19. júlí kom hópur 16 nemenda frá Norður-Ameríku í heimsókn og dvöldu eina nótt í góðu yfirlæti. Heimsóknina má rekja til fundar sem staðarhaldari átti með Halldóri Árnasyni, stjórnarformanni Þjóðræknisfélags Íslands, haustið 2015, þar sem fjallað var um hvernig hægt væri að kynna Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar fyrir Vestur-Íslendingum.

Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu



Sex fornleifafræðingar undir forystu Margrétar Hallmundsdóttur frá Náttúrustofu Vestfjarða voru að störfum á Hrafnseyri mestan hluta ágústmánaðar. Var haldið áfram að skoða kola- og járnvinisluna á Hrafnseyri og Auðkúlu, en slík vinnsla hefur verið stunduð á þessum bæjum á landnámsöld. Einnig kom í ljós manngerður skurður (eða göng?) á Hrafnseyri, sem verða skoðuð nánar á næsta ári, ef fjármagn fæst. Ýmsir hlutir sem fundist

hafa í uppgrefttrinum undanfarin ár voru til sýnis allt sumarið í burstabænum á Hrafnseyri.

Ýmislegt

Fyrirtækið RST NET var við vinnu nálægt Mjólkárverkjun allt haustið fram að áramótum. Fyrirtækið óskaði eftir gistiaðstöðu á Hrafnseyri fyrir 4 menn, sem var auðfengið, og fengu þeir kjallaraíbúðina til umráða frá 15. september – 31. desember. Íbúðin er annars aðsetur safnvarðarins á meðan safnið er opið yfir sumartímann. Hún hafði ekki verið máluð eða endurbætt fyrir 200 ára afmælið árið 2011, og því orðið langt síðan hún var sett í stand. Vegna aukinnar starfssemi sem verður í nágrenni Hrafnseyrar á næstu árum vegna jarðgangagerðar innar í firðinum og uppbyggingu vegar á Dynjandasvæðinu er líklegt að leitað verði til Hrafnseyrar um gistiaðstöðu eða aðra svipaða aðstöðu. Hugsanlega verður hægt að koma til móts við slíkar óskir ef áhugi er fyrir því hjá ráðuneytinu og það truflar ekki safnastarfið eða aðra starfssemi á Hrafnseyri yfir sumartímann. En til að leigja út íbúð er nauðsynlegt að mála hana og skipta um eldhúsinnréttingu, sem er orðin gömul og slitin.

Málstofa um hverfisráð og íbúalýðræði

Staðarhaldari hefur setið í stjórn hverfisráðs Súgandafjarðar frá stofnun þess haustið 2014, en hann býr á Suðureyri við Súgandafjörð yfir vetrarmánuðina. Hverfisráðið er eitt sjö hverfisráða í Ísafjarðarbæ, sem ætlað er að vera tengiliður milli bæjarstjórnar og íbúa í þorpum Ísafjarðarbæjar, þ.e. á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, í Hnífsdal og í kaupstaðnum Ísafirði. Hugmyndin með stofnun hverfisráðanna var að reyna virkja íbúa í hverju þorpi til að taka meiri og beinni þátt í þeim málefnum er varða þeirra eigin þorp en eldra fyrirkomulag bauð upp á, þar sem stjórnir hverfisráðanna annars vegar reyna að hlusta á og fá fram hugmyndir/skoðanir/vilja þorpsbúa um tiltekin málefni og koma þeim síðan á framfæri við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Þannig er verið að reyna að koma á beinna lýðræði en núverandi fulltrúalýðræði býður upp á.

Haustið 2016 var ákveðið að halda sameiginlega „Málstofu um hverfisráð og íbúalýðræði“ um stöðu og framgang hverfisráðanna í Ísafjarðarbæ. Stungið var upp á Hrafnseyri sem fundarstað fyrir málstofuna, enda fátt meira viðeigandi því auk þess að tilheyra Ísafjarðarbæ og vera fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar þá var það ekki síst gildi lýðræðis sem Jón kenndi Íslendingum á miðri 19. öld, er hann kallaði menn til funda við sig vítt og breytt um landið og fékk þá til að setja fram skoðanir sínar og óskir í mæltu máli á skipulagðan og rökrænan hátt um betra líf, sér og sínum til handa.

Málstofan átti að fara fram á Hrafnseyri í ágúst, en var frestað fram til fyrri hluta nóvember. Vegna veðurs var henni svo aftur frestað fram til 25. mars, 2017, en þá verður hún haldin á Ísafirði í samstarfi við hverfisráðin, Ísafjarðarbæ, Hrafnseyri og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands.

Boð um fyrirlestur við Lancaster háskóla í Newcastle, Bretlandi

Einn gestanna sem kom á Hrafnseyri síðastliðið sumar heitir Dr. Mathew Johnson og er kennari við stjórnmaladeild Lancaster-háskóla í Newcastle í Bretlandi. Staðarhaldari sagði honum þá m.a. frá starfi sínu í stjórn hverfisráðs Súgandafjarðar sem varð til þess að honum var boðið að segja frá starfssemi hverfisráðs Súgandafjarðar ásamt reynslu sinni sem meðlimur þess, á ráðstefnu sem haldin verður í Lancaster-háskólanum í Newcastle í Bretlandi í byrjun árs 2017.

Staðarhaldari hefur einnig setið í stjórn Stofnunar Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts undanfarin ár, en stjórnarsetan var einkum hugsuð sem aðstoð við að koma stofnuninni á fót. Nú er hins vegar tími til kominn að hleypa öðru fólki í þessa stjórn sem hefur til að bera meiri kunnáttu í arkitektúr og öðrum byggingum, og því sagði staðarhaldari sig úr stjórninni á árinu. Hins vegar er vonast til þess að félagið og starfsemin á Hrafnseyri eigi í samvinnu í framtíðinni um til dæmis vinnustofu- og ráðstefnuhald.

Kennsla í SIT Study Abroad

Staðarhaldari var beðinn um að kenna tvo daga í “School for International Training Study Abroad” (SIT Study Abroad) sjá: <http://studyabroad.sit.edu/programs/semester/spring2017/icc/>. Þessi skóli, sem nýlega

hefur tekið sér aðsetur á Ísafirði, er fyrir nemendur frá hinum ýmsum háskólum í Bandaríkjunum, þar sem þeim eru kenndar margvíslegar fræðigreinar á erlendra grund, þ.e. í ýmsum löndum utan Bandaríkjanna. Staðarhaldari kenndi tveggja daga námskeið um „Siðfræði í félagsfræðilegum rannsóknum“.

Staðarhaldari var einnig leiðbeinandi í verkefni eins nemanda skólans, sem fjallaði um viðhorf Íslendinga til náttúrunnar.

Afmælisbæklingur í tilefni 10 ára afmælis Sumarháskólans á Hrafnseyri

Eins og áður var getið eru liðin 10 ár síðan fyrsta sumarnámskeiðið var haldið á Hrafnseyri, en það var kallað „Sumarháskóli í sýningargerð“. Orðið „Sumarháskóli“ vísar til þess að allir kennarar sem kennt hafa á sumarnámskeiðum Hrafnseyrar hafa komið frá innlendum og erlendum háskólum, þótt námskeiðin sjálf hafi yfirleitt verið opin öllum sem áhuga hafa á því viðfangsefni sem kennt er hverju sinni.

Í tilefni afmælisins var ákveðið að gefa út sérstakan afmælisbækling þar sem tekið er fram nafn og stutt lýsing á hverju námskeiði fyrir sig ásamt myndum. Afmælisbæklingurinn, sem kallast „Sumarháskólinn á Hrafnseyri 2006 – 2016“, verður til sýnis í móttöku safnsins á sumri komanda. Hann er styrktur af Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands.

Fjármál

Málefni Hrafnseyrar hafa frá 1. janúar 2012 heyrt undir mennta- og menningarmálaráðuneyti sem ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum starfseminnar. Eins og fram kom í ársskýrslu ársins 2015 varð örlítill halli af rekstrarkostnaði þess árs en markmið rekstursins á árinu 2016 var eðlilega að reksturinn yrði innan ramma fjárveitinga og tekna, samhliða því að hefðbundnum verkefnum yrði sinnt með verðugum hætti.

Við endanlegt uppgjör ársins 2016 varð ljóst að það tókst að gæta aðhalds í flestum rekstrarþáttum starfsemi á Hrafnseyri í samræmi við áætlun. Útgjöld vegna launahækkana sem urðu á árinu (um 700 þús.kr. umfram áætlun), ófyrirséður kostnaður vegna viðhalds húsnæðis og girðinga (um 1,1 m.kr. umfram áætlun) og net- og tölvuþjónustu og tilheyrandi sérfræðikostnaður (um 500 þús.kr. umfram áætlun) urðu hins vegar til þess að ekki náðist að vinna niður halla síðasta árs, og viðlíka halli varð á rekstrinum í heild árið 2016.

- Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður rekstrarþátta ársins í samanburði við sömu þætti síðustu ára:

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Tekjur:						
Framlög, seldar vörur og þjónusta	22.905.778	15.960.262	15.334.523	16.307.993	15.418.754	17.534.904
Gjöld:						

Safn Jóns Sigurðssonar	8.598.902	9.454.340	8.292.990	9.911.225	10.057.728	11.682.726
Þjóðhátíðardagur	7.220.258	732.501	584.000	831.775	748.156	686.901
Viðhaldskostnaður	2.083.898	595.810	894.894	1.016.750	2.098.639	2.005.543
Annar rekstrarkostnaður	6.191.175	4.038.876	4.388.588	4.640.297	3.265.741	4.490.048
Fjármunahreyfingar	236.606	0	0	0	0	0
NIÐURSTAÐA REKSTRAR:						
Rekstrarafgangur / (-Tap)	-1.425.061	1.138.735	1.174.051	-92.054	-751.510	-1.330.314

Framlag til Hrafnseyrar skv. fjárlögum frá 2012-2015 var 14,5 m.kr. ár hvert, en var hækkað í 17,5 m.kr. árið 2016. Einnig hafa verið til ráðstöfunar fjármunir frá fyrri árum, tekjur af aðgangseyri og aðrar tekjur.

Lokaorð.

Eftir fremur snjóléttan vetur var vorið fremur gott og opnað var yfir Hrafnseyrarheiði í byrjun apríl, sem er fremur óvanalegt. Eftir ýmiskonar verk yfir vetrarmánuðina eins og „Sagnabrunn“, heimasíðuvinnu, undirbúning námskeiðs Sumarháskólans, móttöku gesta frá Slóveníu, heimsókn þangað og fleira, opnaði Safn Jóns Sigurðssonar þann 1. júní, eins og undanfarin ár. Rútuferðir að Dynjanda með viðkomu á Hrafnseyri voru færri en sumarið áður og því komu færri erlendir ferðamenn á staðinn en árið 2015. Einnig komu færri landsmenn til Hrafnseyrar þetta sumarið, og munar þar sennilega mestu um minni ferðalög Íslendinga um eigið land vegna þátttöku Íslands í Evrópumóti landsliða í knattspyrnu í Frakklandi. Þrátt fyrir þessar aðstæður var fjöldi gesta **5.834 manns**.

Aukin atvinnustarfssemi í nágrenni Hrafnseyrar á komandi árum mun sennilega hafa einhver áhrif á staðinn. Sem dæmi má nefna að fyrirtækið RST NET, sem var við línuvinnu í botni fjarðarins fram að síðustu áramótum, leigði svefnaðstöðu fyrir nokkra starfsmenn sína í kjallaraíbúð Hrafnseyrar á haustmánuðum. Þegar þetta er ritað hefur Vegagerðin óskað eftir skrifstofuaðstöðu næsta haust á Hrafnseyri og hefur staðarhaldari boðið að leigja kjallaraíbúð staðarins í þeim tilgangi. Slík útleiga kallar á að íbúðin verði máluð og sett í viðundandi horf, en langt er um liðið síðan það var gert síðast. Það er kannski sérstaklega áriðandi nú, þegar jarðgangnagerð og uppbygging við Dynjanda er að hefjast, að aðstaða á Hrafnseyri verði sem best, sé haft er í huga almennt aðstöðuleysi í norðanverðum Arnarfirði til að taka á móti fólki sem vinnur beint eða óbeint við þessi mannvirki.

Með tilkomu jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og bættum samgöngum yfir Dynjandisheiði kemst Hrafnseyri ekki aðeins í vegasamband allt árið, heldur verður staðurinn nú miðsvæðis samgöngulega séð á vestanverðum Vestfjarðarkjálkanum. Í ljósi þess væri vel viðeigandi að efna til hugmyndavinnu um framtíð starfseminnar á Hrafnseyri, með hliðsjón af tillögu að stefnumörkun sem lögð var fram 2011 um hvaða möguleika þessar samgöngubætur geta veitt staðnum í nánustu framtíð, og hvernig mætti best nota þá til að halda minningu og sæmd Jón Sigurðssonar og fæðingarstaðar hans á lofti um ókomna tíð.

Þann 17. Júní næstkomandi verða fimm ár liðin síðan páverandi stjórnvöld lýstu áhuga sínum á að gera Hrafnseyri að lifandi mennta- og menningarsetri með fjölbreyttri starfsemi. Fyrsta skrefið að slíku setri/stofnun gæti verið að vinna sérstaka stefnumörkun fyrir Sumarháskólann á Hrafnseyri í formi áætlunar, sem unnið yrði eftir næstu 10 árin.

Með bréfi forsætisráðuneytisins dags. 30. desember sl. var tilkynnt að málefni er varða Hrafnseyri við Arnarfjörð skyldu flytjast frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis frá og með 1. janúar 2017. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar og með forsetaúrskurði dags. 11. janúar 2017 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var þessi ráðstöfun staðfest.

Suðureyri, 8. mars 2017,
Valdimar J. Halldórsson Staðarhaldari.